

# Kjarval

„Á þessu ári hefði Kjarval orðið 90 ára, ef hann hefði lifað. Þess er að vænta, að Reykvíkingar og aðrir landsmenn heiðri minningu meistarans með því að sækja vel Kjarvals-sýningu og koma oft að Kjarvalsstöðum til að nema það, sem þar er fram borið í þágu menningar borgar-búa.“ Framanskráð eru niðurlagsorð Birgir Ísleifs Gunnarssonar borgarstjóra í formála fyrir sýningarskrá þeirri er frammi liggur á Kjarvalssýningunni í Kjarvalsstöðum, en hún hefur verið opin í austursal hússins síðan í ársbyrjun. Þetta er í þriðja sinn síðan Kjarvalsstaðir voru opnaðir í marz 1973, að opnuð er sýning á verkum Jóhannesar S. Kjarvals, en í upphaflegri samþykkt um húsið var ráðgert, að eystri salur þess væri sérstaklega ætlaður til sýninga á verkum Kjarvals. Þessi nýja sýning er talsvert breytt frá fyrri sýningum, en eins og áður er um að ræða myndir sem allar eru í eigu Reykjavíkurborgar. 75 myndir eru á sýningunni.

Í sýningarskrá segir borgarstjóri m.a.:

„Á árinu 1974 hafa safninu borizt nokkrar nýjar myndir að gjöf, og eru þær sýndar sérstaklega. Erfingjar Ástu Hallsdóttur, tannsmiðs, hafa gefið myndina „Hugarkvöl“ í samræmi við vilja Ástu heitinnar. Klara Guðmundsdóttir, Hátúni 10, gefur olíumynd af föður hennar, Guðmundi Davíðssyni, auk fjögurra teikninga, en gjafirnar eru gefnar í tilefni þess, að í nóvember s.l. voru 100 ár liðin frá fæðingu hans. Matthildur Kjartansdóttir, ekkja Guðbrands Magnússonar, gaf safninu tvö olíumálverk, stuttu áður en hún lézt, en þau hjónin dóu bæði á árinu. Í bréfi, er Matthildur ritaði safninu,

segir hún, að aðra myndina hafi Kjarval nefnt „Ástamál Grettis“, en hin myndin er af þeim hjónum, Guðbrandi og Matthildi. Gjöfin er til minningar um vináttu þeirra hjóna við Kjarval. Hallfríður Guðbrandsdóttir Schneider gefur vatnslitsmynd, sem nefnist „Hveitibrauðs-skipið“, og olíumynd af Vífilfelli. Þá hafa ýmsar smærri minningargjafir borizt, sem ættu heima í minjasafni um Kjarval, og má þar nefna kvikmynd um Kjarval eftir Óskar Gíslason. Allmikið er til að minjum, sem tengdar eru minningu meistarans, og ber brýna nauðsyn til að skrá þær og flokka.


Kjarvalsstaðir standa í mikilli þakkarskuld við gefendur, sem hafa á þennan hátt sýnt minningu listamannsins mikinn sóma og um leið stuðlað að því að í þessu húsi verði komið upp fræðilegu safni Kjarvalsmýnda. Flyt ég gefendum beztu þakkir Reykjavíkurborgar.“

Allt frá því að Kjarvalsstaðir voru opnaðir hafa tugþúsundir gesta komið þar, enda hefur fjölþætt menningarstarfsemi farið fram þar og þessi þróun virðist ætla að halda áfram með vaxandi krafti sem m.a. sést á því að út þetta ár a.m.k. er röð fyrirhugaðra sýninga ýmissa aðila í Kjarvalsstöðum.

**listasprang**



Eftir  
**Arna Johnsen**




Þessa ljósmynd af meistara Kjarval tók Ólafur K. Magnússon af listamanninum skömmu áður en hann lézt, en meistarinn er að hellsa þarna upp á fisktitt á vörubílspalli móðri við höfn.



Gömul kona með skotthúfu.

Ein stærsta mynd Kjarvals, Sól og sumar. Frá Þingvöllum.



Kjarval á bryggjupolla á togarabryggjunni að virða fyrir sér hafnarlífið. Ljósmynd Mbl. Ól. K. M.